

Bygging á nýjum hafnarbakka utan Klepps í Sundahöfn Verkstaða og áformuð verklok framkvæmda

Á undanförunum árum hefur bygging á nýjum hafnarbakka utan Klepps verið helsta nýbyggingarframkvæmd Faxaflóahafna. Á árinu 2013 lauk umfjöllun um matsskyldu hafnargerðar utan Klepps og í beinu framhaldi af því hófust rannsóknir og útboðshönnun bakkagerðar. Útboð á stálþilsefni og burðarstaurum fyrir sporbita fór fram á árinu 2015 og síðan var bygging bakkans boðin út á Evrópska efnahagssvæðinu í byrjun árs 2016. Framkvæmdir við bakkagerð hófust sumarið 2016 og verktaki bakkagerðar er Ístak hf. Verklok samningsverks eru skilgreind í verksamningi þann 1. júní nk. Allt útlit er fyrir að sú dagsetning verkloka standist og útboðsverki verði skilað á réttum tíma. Þá standa eftir ýmis verkefni á svæðinu sem að hluta eru verkefni Faxaflóahafna sf og að hluta verkefni skipafélagsins, Eimskip sem rekur farmstöðina og nýtir hafnaraðstöðuna. Þessum nýja hafnarbakka er ætlað að verða megin vöru- og gámaflutningabakki fyrir farmstöð Eimskip í Vatnagörðum og taka við hlutverki Kleppsbakka með stækkandi skipum í gámaflutningum. Við verklok á samningsverki bakkagerðar standa þó ýmis verkefni eftir sem ekki voru hluti útboðsverksins en þarf að klára til þess að bakkagerð sé að fullu lokið. Sum þessara verka eru á hendi væntanlegs notanda bakkans, Eimskip en önnur eru verkefni á vegum Faxaflóahafna sf. Flest þessar verka koma til framkvæmda síðari hluta þessa árs en sumum mun ekki verða lokið fyrr en komið er fram á næsta ár. Í öllum megin atriðum er framkvæmdakostnaður á áætlun. Hafnarbakkinn er 470 m viðlega og við upphaf framkvæmda var kostnaður hafnar við bakkagerð áætlaður rúmar 3.000 mkr. Kostnaður verður líklega innan marka upphaflegrar áætlunar með áorðnum verðbreytingum frá því að áætlunin var fyrst sett fram. Nánar verður síðar gerð grein fyrir kostnaði við framkvæmdir þegar að verkum er lokið og uppgjör framkvæmda liggja fyrir.

Helstu verkefni sem eftir standa eru þessi:

Verkefni á vegum Faxaflóahafna sf:

1. Yfirborðsfrágangur hafnarbakka. Frágangur burðarlaga og malbikun hafnarbakkans. Í heild er nýr hafnarbakki um 40.000 m². Ganga þarf frá yfirborði bakkans sem áfangaskipt framkvæmd, sem framkvæma þarf í 3 - 4 verkáföngum þannig að nyrði hluti bakka verði fyrst tekinn í notkun. Viðlega þar verður fyrir ný gámaskip Eimskip sem von er á síðari hluta árs 2019.
2. Endurnýjun á yfirborði og hæðaraðlögun á austurhluta Kleppsbakka. Verk unnið í samstarfi við Eimskip sem samhliða gengur frá yfirborði lóða sem liggja næst hafnarbökkunum. Verkefnið er fyrsti áfangi þess að færa gá mavelli farmstöðvar að nýjum hafnarbakka utan Klepps og endurskipuleggja aðstöðu til gámameðhöndlun innan farmastöðvarinnar.
3. Frágangur á ýmsum búnaði sem ólokið er við nýja hafnarbakkann. Koma þarf upp nýjum ljósamöstrum og lýsingarbúnaði fyrir bakkann, koma fyrir öryggislýsingu fyrir stiga, ganga frá brunnnum og brunnlokum fyrir dreifikerfi bakkans, tengja hafnarbakka við veitutenginga Veitna fyrir heitt og kalt vatn og fá rafmagn til lýsingar.
4. Þjóða þarf síðan út dýpkun fyrir aðsiglingu og snúningssvæði bakka á Viðeyjarsundi. Ný skip Eimskip sem ætlað er að nýta þennan hafnarbakka þurfa árið um kring aukið dýpi til þess að öryggi þessara skipa sé tryggt og nægjanleg dýpi fyrir þau til siglinga á stórstraumsfjörum. Þetta er verk sem kallar á góðan og öflugan tækjabúnað dýpkunartækja og þarf að þjóða út á Evrópska efnahagsvæðinu.

5. Ef til kemur í framtíðinni að komið verði á háspennutengingum fyrir flutningaskip eru í hafnarbakkanum brunnar og dreifikerfi sem munu nýtast. Tengibúnað við háspennukerfi Veitna vantar og eins allan rafbúnað í hafnarbakkann.
6. Færa þarf siglingamerki Sundahafnar og setja upp nýjan ljósbúnað á Gufuneshöfða sem færir siglingaleið fjær nýja bakkanum.

Verkefni á vegum Eimskip:

1. Endurnýjun á yfirborði lóða sem liggja næst hafnarbökkunum, sjá lið 2 hér að framan. Verkefnið er fyrsti áfangi þess að færa gámvelli farmstöðvarinnar að nýjum hafnarbakka utan Klepps og endurskipuleggja gámameðhöndlun og gámageymslu innan farmstöðvarinnar.
2. Frágangur á sporateinum á nýjum hafnarbakka utan Klepps. Í dag er lokið við um 130 m áfanga en alls verða spor um 370 m. Eftir er því að leggja um 240 m af sporum.
3. Kaup og uppsetning á nýjum Gantry sporkrana fyrir nýja bakkann. Unnið er að smíði kranans á Írlandi og von á honum til uppsetningar í lok apríl. Reiknað er með að kraninn verði tilbúinn til notkunar þegar að kemur fram í júlí. Forsenda þess að krani verði hreyfður er að lokið verði við háspennutengingar að krana því að hann er rafdrifinn.
4. Bygging á nýjum spennistöðvum, frágangur á veitum, frystgámatengingar, lýsing og ýmis búnaður, sem fylgir byggingu og starfsemi á nýjum gámvelli.
5. Síðar kemur að uppsetningu og frágangi á nýrri aðkomu, starfsmannaaðstaða, hlið og ýmis búnaður sem þarf fyrir gámastýringu að og frá farmstöðinni. Malbika þarf gámasvæði og loka yfirborði lóða innan farmstöðvarinnar.

Meðfylgjandi myndir sýna verkstöðu framkvæmda við byggingu á nýjum hafnarbakka utan Klepps. Þó svo að margt sem hér hefur verið nefnt klárast þegar að kemur fram að lokum árs 2019 er næsta víst að ný gámvöllur verður ekki orðinn að fullu nothæfur fyrr en síðar og komið er fram á árið 2020. Áður en hafist verður handa við næsta stóra verkefnið í hafnargerð í Sundahöfn sem er lokun elsta hluta hafnarmannvirkja í Vatnagörðum, lenging Skarfabakka að Kleppsbakka og landþróun á baksvæðum Vatnagarða þarf að ná fullum afnotum á nýrri hafnaraðstöðu utan Klepps. Skoða það vel hvaða kostir eru til áfangaskiptingar á þessum framkvæmdum þannig að ekki verði þrengt um of að núverandi starfsemi í farmstöð Eimskip sem er burðarásinn í vöruflutningum um Sundahöfnina.

Reykjavík 6.4.2019

Jón Þorvaldsson, aðstoðarhafnarstjóri



Mynd af norðurenda á nýjum hafnarbakka utan Klepps. Unnið er að frágangi yfirborðs og tengingum inn á eldri áfanga Kleppsbakka.



Mynd af suðurenda á nýjum hafnarbakka utan Klepps þar sem unnið er að frágangi á veitutengingum og áformað að nýr Gantry krani verði skipað á land og hann settur saman.